

- 153 Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, 26. ágúst staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

154

28. ágúst

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Seltjarnarneshreppi.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur hinn 31. marz 1953 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. ágúst 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

155

31. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga, nr. 62 frá 3. maí 1939.

6. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á kostnað áveitufélagsins skal gera alla aðalframræslu- og áveituskurði og nauðsynlegar stíflur í þá, svo og alla aðalflóðgarða, sem nauðsynlegir eru að áliti jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands og stjórnar áveitufélagsins. Enn fremur skal gera á kostnað félagsins þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á Varmá og Sandá, til að fyrirbyggja landspjöll á engjalöndum af völdum ána.

Framkvæmdum og fyrirkomulagi mannvirkja skal haga samkvæmt áætlun og uppdráttum jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands, dags. 3. febrúar 1937, og þeim viðaukum og breytingum, sem á þeim hafa verið gerðar og kunna að verða gerðar.

Aftan við 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Viðhaldskostnaður minni háttar flóðgarða og flóðgátta í sambandi við þá, sem eigi koma nema einu lögbýli að notum og eigi hafa þýðingu fyrir heildarnot

áveitunnar, skal þó vera áveitufélaginu óviðkomandi, án tillits til þess, hvernig þessi mannvirki voru gerð í upphafi.

155
31. ágúst

Breyting þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

156
2. sept.

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir búnaðarfélag Biskupstungna, Grímsness og Laugardals í Árnessýslu — Ræktunarsambandið Ketilbjörn —, nr. 168 frá 21. desember 1946.

18. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa, stofnfé hans er kr. 450 000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur —. Tekjur stofnsjóðs eru: Helmingur stofnfjár skal lagður fram af hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélagum, að hálfu sem óafturkræft tillag og að hálfu sem hlutafé, og greiði ræktunarsambandið 4% vexti af hlutafénu. Framlag hvers búnaðarfélags á ræktunarsvæðinu skal miðast við félagatölu í hverju félagi.

Hlutaðeigandinn er heimilt að afla:

1. Með frjálsum, óafturkræfum fjárframlögum félagsmanna og annarra áhugamanna;
 2. með jöfnu gjaldi af hverjum félagsmanni, og að hálfu lagt á landverð fasteigna á félagssvæðinu.
- Hlutafé er óinnleysanlegt fyrstu 5 árin af starfstíma ræktunarsambandsins, en greiðist síðan til hlutaðeigandanna að $\frac{1}{5}$ árlega, ef þeir gera kröfu til.
- Helmingur stofnsjóðs er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. september 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.